



## Félag pípulagningameistara flytur í nýtt húsnæði í Borgartúni 30



Í byrjun desember s.l. flutti Félag pípulagningameistara skrifstofur sínar í nýtt húsnæði í Borgartúni 30, 6. hæð. Húsnæðið er hjart og rúmgott, með fyrirtaks kaffistofu og góðri aðstöðu til fundarhalds, bæði stærri og minni fundi. Ýmis þjónustustarfsemi og félög tengd byggingariðnaðinum er fyrir í húsinu og má þar m.a. nefna: Félag iðn- og tækni-greina, Mælingastofu pípulagningamanna, Þjónustuskrifstofu iðngreina og Mælingastofa múrara.

## Misbrestur á aðkomu pípulagningameistara að úttektarskyldum verkum

Stjórn Félags pípulagningameistara hefur fengið margar ábendingar inn á borð til sín, þar sem fram kemur að mikill misbrestur er á að rétt vinnubrögð séu viðhöfð við úttektir á verkþáttum pípulagningameistara. Ítrekað hefur það átt sér stað að viðkomandi pípulagningameistari er hvorki látinn vita af væntanlegri úttekt, né boðaður til að vera viðstaddur úttektina.

Það er því full ástæða til að hvetja fagaðila byggingariðnaðarins til þess að framfylgja fyrirmælum um „Framkvæmd áfangaúttekta“ sem kveðið er á um í byggingarreglugerðinni, en þar segir:

Áfangaúttektir skulu gerðar á einstökum verkþáttum mannvirkjagerðar þar sem eftirlitsaðili kannar hvort viðkomandi þáttur sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög um mannvirki og ákvæði þessarar reglugerðar.

– Sjá frambald greinarinnar á bls. 2

**piparinn.is er öflug heimasíða pípulagningameistara**  
– sjá bls. 3



### MORGUNKAFFI OG MEÐ ÞVÍ ALLA FÖSTUDAGA!

Við bjóðum alla fagmenn velkomna í rjúkandi heitt kaffi, gómsætt meðlæti og létt spjall við sölumenn okkar.

**ALLA FÖSTUDAGA í eftirtöldum verslunum:**

kl. 8:30-10:00 í Húsasmiðjunni Grafarholts & Hafnarfirði

kl. 9:00-10:30 í Húsasmiðjunni Selfossi & Akureyri



...meira fyrir fagmenn!





## Útgáfa sérstaks kynningarblaðs af Fréttapípi

Á fundi stjórnar Félags pípu- lagningameistara var ákveðið að gefa út sérstakt kynningarblað af FRÉTTAPIPI, fréttariti FP, til kynningar á félagsmönnum og fyrirtækjum þeirra. Mikil framkvæmdahrinna í íslenskum byggingariðnaði er nú óðum að komast á fullan skrið. Pípu- lagningameistarar í Félagi pípu- lagningameistara hafa í gegnum árin sýnt sig í því að standa sterkan vörð um sína löggildingu og aðra fagtengda hagsmuni og hafa efti samtöðu meðal félagsmanna. Reynslan hefur sýnt að efla þarf eftirfylgni með löggildingarmálum þegar spennuástand myndast á byggingamarkaðinum eins og nú á sér stað. Kynningarblaðinu verður dreift inn á allar helstu verkfræðistofur, arkitektastofur, til byggingafulltrúa um land allt og fleiri aðila sem annast framkvæmdir og koma að ný byggingum, endurbótum og viðhaldi fast- eigna. Kynningarblaðið mun berast til þessara aðila sem nú eru í óða önn að undirbúa framkvæmdir fyrir komandi sumar.

# Misbrestur á aðkomu pípu- lagningameistara að úttektarskyldum verkum

*Framhald greinar á forsiðu*

Byggingarstjóri mannvirkis skal fyrir hönd eiganda þess sjá til þess að Áfangaúttektir fari fram og óskar úttektar eftirlitsaðila. Byggingarstjóra er skylt að vera viðstaddur áfangaúttektir. Enn fremur skal iðnmeistari eða sá sem hann tilnefni í sinn stað vera viðstaddur úttekt á þeim verkþáttum sem eru á hans ábyrgðarsviði nema um annað sé samið í samningi milli iðnmeistara og eiganda.

*(Vefslóð inn á byggingareglugerð er:*

*http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/112-2012).*

Það er sannarlega til mikils að vinna fyrir alla aðila að Áfangaúttektir séu framkvæmdar rétt. Vinnubrögð verða markvissari og vandaðri og mistökum fækkar. Það skilar sér svo í meiri gæðum og betri vöru fyrir viðskiptavini.

Einnig má nefna í þessu sambandi að meistarar í Félagi pípu- lagningameistara hafa orðið að koma fyrir dómstóla og svara fyrir léleg vinnubrögð í verkum sem þeir komu aldrei að, en um slíkt má lesa á vefslóðinni:

*(http://www.domstolar.is/domaleit/nanar?ID =E201100104&Domur=9&type=1&Serial=1).*

Þess vegna er mikilvægt að allir fagaðilar byggingariðnaðarinnar taki höndum saman og vinni að því að framfylgja fyrirmælum og kröfum byggingareglugerðarinnar, það er öllum til hagsbóta þegar upp er staðið.



*Glaðbeittir stjórnarmenn í Félagi pípu- lagningameistara á nýju skrifstofunni, við það að hefja stjórnarfund. Talið frá vinstri: Heimir Guðmundsson, stjórnarmaður, Trausti Guðjónsson, gjaldkeri, Guðmundur H. Jóhannesson, varamaður, Benedikt Sverrisson, ritari, Böðvar Ingi Guðbjartsson, varaformaður og Guðmundur Páll Ólafsson, formaður,*



**LAGNALAGERINN ER EINGÖNGU FYRIR FAGMENN!**



**aquatherm**  
TRAUST VÖRUMERKI  
Í PP-R LAGNAEFNI

**LAGNA LAGERINN**

Lagnalagerinn ehf. · Fosshálsi 27 · 110 Reykjavík  
S: 567 7000 · lagnalagerinn@lagnalagerinn.is






# Gæðakerfiskynning

Félag pípulagningameistara hélt nýverid fund með félagsmönnum FP. Tilefnið var að nú er líðið rúmt ár frá því félagar í FP tóku Gæðakerfi sitt í notkun. Fundurinn var vel sóttur, 40 pípulagningameistarar mættu. Gunnar Jónatansson, hönnuður Gæðakerfis pípulagningameistara, mætti á fundinn. Farið var yfir málin og skerpt á ýmsum atriðum. Fjölmeörgum spurningum var beint til Gunnars sem hafði svör á reiðum höndum. Á myndinni að ofan má sjá hluta fundarmanna.

# piparinn.is – Heimasíða FP

Félag pípulagningameistara heldur úti öflugri heimasíðu þar sem finna má ýmsar upplýsingar um þá þjónustu sem félagsmenn FP og fyrirtæki þeirra veita. Á síðunni er að finna nöfn og símanúmer allra stjórnarmanna félagsins og einnig hverjir skipa helstu nefndir. Þar er einnig hægt að kynna sér lög félagsins. Félagaskrá Félags pípulagningameistara er aðgengileg á heimasíðunni. Þar er að finna nöfn, símanúmer og staðsetningu. Viðskiptavinir geta því haft beint samband. Einnig er að finna á heimasíðunni ýmskonar upplýsingar og fræðsluefni um hvað eina er snertir pípulagnir. Spurningar og svör; þar sem svarað er ýmsum algengum spurningum varðandi pípulagnir. Full ástæða er til að hvetja neytendur til að skipta eingöngu við löggilta pípulagningameistara varðandi alla lagnavinnu.



# Húseign FP á Spáni

Húseignin sem stendur félagsmönnum Félags pípulagningameistara til boða er í Torrevieja á Spáni. Einfaldasta leiðin til að komast þangað er að fljúga beint til Alicante og keyra þaðan til Torrevieja. Húsið er tvær hæðir. Á efri hæð eru tvö svefnherbergi og eitt á neðri hæð ásamt stofu og eldhúsi. Þaksvali er á húsinu. Gengið er beint út í sundlaugargarð. 5-6 manns geta gíst í húsinu. Húsið leigist út í 2 vikur frá maí til september, en á öðrum tímum eftir samkomulagi. Upplýsingar á piparinn.is. Burkni Aðalsteinsson hjá spanarhus.is, sími: 861-3053, sér um leigu á húsinu. Heimasíða er spanarhus.is, http://www.spanarfrri.is/eign/skoda/60.


# utboodsvefur.is – Nýr útboðsvefur

utboodsvefur.is er kominn í loftið. Hér er um að ræða sameiginlegan auglýsingavettvang fyrir opinber útboð. Margir munu efallast fagna þessu þarfa framtaki; að geta núna nálgast þessar upplýsingar frá mörgum aðilum á einum stað. Án efa kærkominn vettvangur fyrir þá fjölmörgu aðila sem vinna í útboðum, þeirra á meðal eru auðvitað pípulagningameistarar.

Þessir aðilar standa að rekstri útboðsvefnsins: **FSR, Gagnaveitan, Landsnet, Orka náttúrunnar, Orkuveita Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, Ríkiskaup, Vegagerðin og Veitur.**

Á útboðsvefnum eru birtar auglýsingar opinberra aðila og er leitast við að hafa upplýsingar sem nákvæmastar. Útboðsvefurinn er ekki ábyrgur fyrir þeim upplýsingum sem þar birtast. Opinberir aðilar sem auglýsa á vefnum bera ábyrgð á sínu efni. Hver auglýsing bendir á upprunasvæði þar sem allar nánari upplýsingar eru veittar.

Breytingar vegna útboðsgagna svo sem breyting á opunardeg, breytingar á skilmálum í kjölfar fyrirspurna bjóðenda eru birtar á upprunasvæði hvers auglýsanda fyrir sig og ekki birtar sérstaklega á þessum vef.



# Þar sem tvær lagnir koma saman þar ætti að vera brunnur



**saeplast**  
Til liðs við húseigendur

Byggingarreglugerðir krefjast þess að brunnar séu settir við allar nýbyggingar enda er mikið öryggi og kostnaðarhagkvæmi fólgin í að hafa aðgang að lögnum utanhúss vegna eflirlits og viðhalds.

Promens Dalvík framleiðir Saeplastbrunna til fráveitulagna úr polyethylene-efni (PE). Í Saeplastvörulinnunni er fjölbreytt úrval brunna til að mæta mismunandi notkunarkröfum. Brunnamir eru fánlegir í þremur þvermálsstærðum: 400 mm, 600 mm og 1000 mm. ATH. Hægt er að fá uppþæknir á alla brunna.

Fást í byggingavörverslunum um land allt. Promens ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðurstæðinguna á brunnum.

**PROMENS**  
www.promens.is

PROMENS DALVÍK • GUNNARSBRAUT 12 • 620 DALVÍK • Sími: 460 5000 • FAX: 460 5001 • sales.dalvik@promens.com

**AÐALFUNDUR OG ÁRSHÁTÍÐ FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA 2016**  
Verður haldin laugardaginn 30. apríl á Hótel Stykkishólmur – Félagar, fjölmönnum!

# Tryggjum meistarafagmennsku og löggildingu í byggingariðnaði

 <p><b>Króm og Hvítt</b> Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn Sími 478 2099 - GSM. 861 0291 kromoghvitt@simnet.is</p>	 <p><b>Meistaralagnir ehf</b> Pípulagnir S: 893 9110 Bæjarflöt 8a - 112 Reykjavík GSM: 893 9110 - lisamaria@btnet.is</p>	<p><b>B. Markan ehf. Pípulagnir</b></p> <p>Böðvar Markan 660 6690 • 544 8611 lagnir@bmarkan.is</p> <p>Allt til pípulagna Löggiltur pípulagningameistari www.bmarkan.is</p> 
 <p><b>JM Pípulagnir ehf.</b> Blásalir 24 - 201 Kópavogur GSM. 898 0851 - groakors@simnet.is</p>	 <p><b>AH Pípulagnir ehf.</b> Suðurhrauni 12c - 210 Garðabæ Sími 555 7012 - GSM. 822 7100 andres@pipulagnir.is</p> <p>AH PÍPULAGNIR</p>	 <p><b>STOFNLAGNIR</b> PÍPULAGNAPJÓNUSTA</p> <p>Stofnlagnir ehf. - Viðarriima 19 - 112 Reykjavík GSM. 660 0499 - WC@islandia.is</p>
 <p><b>HSH VERKTAKAR ehf.</b> Sunnuhlíð 12 - 603 Akureyri GSM: 896 3257 - hallihelga@simnet.is</p>	 <p><b>S.O.S. Lagnir ehf.</b> S.Ó.S. lagnir ehf. Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík GSM 693 9000 - sos@soslagnir.is</p>	 <p><b>Borgarlagnir ehf.</b> Gylfaflöt 24 - 112 Reykjavík GSM. 892 7558 - borgarlagnir@simnet.is</p> <p>Borgarlagnir ehf</p>
 <p><b>SHV Pípulagnir ehf.</b> Funafold 54 - 112 Reykjavík Sími: 587 8715 GSM: 821 1040 shv.pipulagnir@internet.is</p>	 <p><b>Húsalagnir ehf.</b> Pípulagningapjónusta Gylfaflöt 20 - 112 Reykjavík GSM 893 3632 husalagnir@simnet.is</p>	 <p><b>Árni Friðbjarnason ehf.</b> Pípulagningameistari Smíðjuvegi 4 - 200 Kópavogi GSM. 893 0938 arnijulli@simnet.is</p>
 <p><b>RENNSLI ehf.</b> pípulagnir • sími 696 8054</p> <p>Holtsbúð 52 - 210 Garðabær GSM: 696 8054 - rennslir@simnet.is</p>	 <p><b>TOPPLAGNIR</b></p> <p>Topplagnir ehf. - Gvendargeisli 68 - 113 Reykjavík GSM.698 8412 - topplagnir@internet.is</p>	<p><b>Bragi Benediktsson ehf.</b> pípulagnir</p> <p>Bragi Benediktsson ehf. - Akurhvarf 6 - 203 Kópavogur GSM 660 3863 - bbpipur@gmail.com</p>
 <p><b>GG Lagnir</b></p> <p>Grundagötu 56 - 350 Grundarfirði GSM 894 2774 - gxg@simnet.is</p>	<p><b>Pípulagnir</b> <b>Elvars G Kristinssonar ehf.</b> Jöklafold 2 - 112 Reykjavík GSM. 892 9421 - ellipip@simnet.is</p>	 <p><b>JÓ Lagnir</b></p> <p>Askalind 8 - 201 Kópavogur GSM 897 4300 &amp; 894 3450 jolagnir@simnet.is</p>
 <p><b>W vatnsvit</b></p> <p>Brúnastöðum 21 - 112 Reykjavík GSM 690 5797 sigthors@internet.is</p>	 <p><b>HS Pípulagnir ehf.</b> Smíðjuvegur 4 200 Kópavogi GSM 894 0088 hspip@hive.is</p>	 <p><b>SPRINKLER PÍPULAGNIR</b></p> <p>Bildshöfða 18 • 110 Reykjavík sími: 587 2025 • fax: 587 2026 sprinkle@simnet.is GSM 660 6690</p>

# TENGI - SENNILEGA BESTIR Í PPR



Smíðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000  
Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050



## Símenntun í iðnaði

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.

- » NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF
- » NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR
- » TÖLVUNÁMSKEIÐ
- » TÖLVUSTUDD HÖNNUN
- » HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ
- » BÍLGREINASVIÐ
- » BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ
- » MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ
- » MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ
- » PRENTTÆKNISVIÐ



**IDAN**  
fræðslusetur

Skulatún 2 - 105 Reykjavík  
Sími 590 6400 - Fax 590 6401  
idan@idan.is - www.idan.is





Álfkonuhvarfi 23  
203 Kópavogi



GSM 899 6862  
vatnsvirkjar@gmail.com

**VATNSVIKJAR ehf**  
LÖGGILTIR PÍPULAGNINGAVERKTAKAR

**PÍPULAGNIR  
HELGA**

Pípulagnir Helga ehf. - Gagnheiði 11 - 800 Selfossi  
GSM 699 1985 & 823 6656 helgi@helgipipari.is



Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari  
GSM 856 5525

**K-Lagnir**

Pípulagningameistari  
Kjartan Jónsson

Álfheimum 30 - 104 Reykjavík  
Sími 553 6123



**Tröllalagnir** ehf.

Jón Auðunn Sigurjónsson  
pípulagningameistari  
Auðnukór 3 - 203 Kópavogur  
GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is



**Presslagnir ehf.**  
Funaföld 29 - 112 Reykjavík  
GSM 898 5112 - presslagnir@simnet.is

**SP pípulagnir** ehf.

Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585  
Sigurdur.pipari@gmail.com

**Benni pípari ehf**  
Pípulagningaverktaki



Fitjabakka 1d - 260 Reykjanesbæ  
GSM 842 6000 - bennipip@simnet.is

**SB** pípulagnabjónusta  
skipabjónusta  
**Pípulagnir ehf**

Ósabakki 13 109 Reykjavík GSM 898 1870  
netfang stefanbr@simnet.is

**LAGNAVIRKI** EHF.

Strandgata 73b - 220 Hafnarfjörður  
GSM 896 2017 - villipipari@simnet.is

**NESLAGNIR** ehf  
Pípulagnabjónusta

Bergási 12 - 260 Reykjanesbæ  
GSM: 698 6309 - neslagnir@internet.is



**PÍPULAGNIR VATNSAFL** ehf.

Klettatröð 1 - 235 Reykjanesbæ  
Sími 420 2600 - GSM 842 2001 - vatnsafl@vatnsafl.is

## Jarðvatns- & skolpdælur í öllum stærðum

Allt til frárennslislagna upp að 2000 mm



Lausnir fyrir fiskeldi og fiskiðnað  
Sala á vatnslaganaefni peh og pp  
Suðuvélar fyrir plastlagnir  
- Sala og bjónusta

ALLAR NÁNARI  
UPPLÝSINGAR HJÁ:

Gísli Ólafsson,  
framkv.sj., GSM 660 0166

Heiðar Jóhannsson,  
sölusj., GSM 660 0160



**O.S.N.** EHF

Smiðjuvöllum 7b, skrifstofan  
230 Keflavík, Sími 4 200 300

# MÍÐSTÖÐIN

Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf.  
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar - Sími 481 1475  
midstodin@midstodin.is

## Umhverfisvæn frostlögur

fyrir hita og kælikerfi

- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni-umhverfisvænt
- Léttir dælingu

**FERNOX**  
LÆTUR VATNI VINNA



Hringás

Heildsöludreifing  
Skemmuvegur 10 • Sími 567-1330  
www.hringas.is

## Við bjóðum upp á nýja lausn

Erum með sérhannaða vél  
sem býr til rásir í flest öll steingólf  
á mjög stuttum tíma.  
Gólfhitinn er síðan lagður í raufarnar  
þannig að ekki þarf að hækka gólfíð  
frá því sem áður var.

- Lágmarks rask og ryk
- Styttri verktími
- Losnar við ofna og færð aukið pláss
- Ekki þarf að hækka gólf og saga neðan af innihurðum
- Jafnari hiti & hitadreifing

**GÓLFHITA**  
**LAGNIR EHF**

Sími 571 3700

www.golfhitalagnir.is • golfhitalagnir@golfhitalagnir.is



**Sameinaði**  
lífeyrissjóðurinn  
lífeyrir.is

Sundagörðum 2 / 104 Reykjavík / 510 5000

**TrackWell**

www.trackwell.is  
5 100 600

## Taktu stjórn - náðu yfirsýn

**Tímon**

Tíma- og verkskráning

**Floti**

Eftirlit með bílaflota



# Pípulagningameistarar í FP flestir búnir að innleiða hjá sér Gæðastjórnunarkerfi

Á undanföllum misserum hafa félagar í Félaga pípulagningameistara verið í óða önn að innleiða vottað Gæðastjórnunarkerfi í rekstri sínum.

Í nýju Byggingarreglugerðinni er kveðið á um það að þeir iðnmeistarar, hönnuðir og byggingarstjórar sem ætla að standa fyrir eða koma að framkvæmdum við leyfisskyld mannvirki frá og með gildistöku reglugerðarinnar, þeir þurfi að uppfylla kröfur um vottað Gæðastjórnunarkerfi eins og segir fyrir um í nýju Byggingarreglugerðinni.

Í rammagreininni bér meðfylgjandi má sjá grein 4.10.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012, þar sem kveðið er á um Gæðastjórnunarkerfið.

## Í grein 4.10.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 segir:

„Iðnmeistarar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi sem felur a.m.k. í sér:

- a. Staðfestingu á hæfni iðnmeistara,
- b. Eftirfarandi skrár yfir eigið innra eftirlit vegna einstakra verkþátta:
  1. lýsingu á því hvernig innra eftirliti með einstökum verkþáttum er sinnt,
  2. skrár yfir hönnunargögn, verklýsingar og önnur skrifleg fyrirmæli,
  3. skrár yfir úttektir og niðurstöður þeirra,
  4. skrár yfir athugasemdir og samskipti við byggingarstjóra vegna framkvæmda,
  5. skráningu á niðurstöðu innra eftirlits.

Iðnmeistari skal tilkynna Mannvirkjastofnun um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafn stofnunarinnar. Sé gæðastjórnunarkerfi iðnmeistara ekki vottað af fagglitri vottunarstofu skal Mannvirkjastofnun gera úttekt á gerð þess og virkni.“

Í ákvæði til bráðabirgða í 2. tölulíð segir:

„Hönnuðir, hönnunarstjórar, byggingarstjórar og iðnmeistarar hafa frest til 1. janúar 2015 til að uppfylla ákvæði 4.6.1, 4.8.1 og 4.10.2 gr. um gæðastjórnunarkerfi.“

**Skráning á verkum, verkþáttum og vistun gagna**  
Samkvæmt ákvæðum um vottað Gæðastjórnunarkerfi ber iðnmeistarar að

vera með verkskráningu og vistun gagna, sem uppfyllir þau skilyrði að hægt sé að rekja öll hans verk. Mannvirkjastofnun getur óskað eftir því að iðnmeistari sýni yfirlit yfir verk sín og geti rakið hvert verkefni og verkþátt.

Meðal helstu gagna sem iðnmeistara ber að vist eru:

- Vottorð og skjöl er varða löggildingu iðnmeistara
- Vottorð og skjöl er varða menntun og hæfni
- Ábyrgðaryfirlýsingar vegna útgáfu byggingaleyfa
- Tilkynningar um iðnmeistaraskifti
- Vottorð frá Vinnueftirliti ríkisins eftir því sem við á
- Samningar
- Samningar við byggingarstjóra um samskipti
- Skrá yfir móttækin hönnunargögn, verklýsingar og önnur fyrirmæli
- Samskipti við byggingarstjóra og athugasemdir vegna framkvæmda
- Skrá yfir úttektir samkvæmt byggingarreglugerð og niðurstöður þeirra (úttektir byggingarstjóra, áfangauúttektir, stöðuúttektir, öryggisúttekt, og lokaúttekt)
- Gögn um prófanir lagnakerfa eftir því sem við á
- Gögn um vottanir/efnislýsingar byggingarvöru
- Skrá yfir innri úttektir og niðurstöður þeirra
- Bréf og fyrirmæli Mannvirkjastofnunar vegna Gæðastjórnunarkerfis
- Viðeigandi staðlar

Meirihluti félaga í Félaga pípulagningameistara er þegar búnir að innleiða hjá sér vottað Gæðastjórnunarkerfi, enda hefur verið góður gangur og rekið öflugt kynningarstarfi varðandi Gæðastjórnunarkerfið. Enda er innleiðing Gæðastjórnunarkerfisins mikið hagsmunamál fyrir alla löggilta iðnmeistarar.



## Jón Orri heiðraður

Löng befð er fyrir því hjá Félaga pípulagningameistara að beiðra félagsmenn þegar þeir verða 50 ára. Hér afbendir Guðmundur Páll, formaður FP, Jóni Orri fána félagsins í tölfrá 50 ára afmælis hans. Jón Orri hefur um langt árabil unnið ótulllega að málefnum Félags pípulagningameistara, m.a. setið í mörgum stjórnnum og gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum í hágu fálagsins.

## BLÁSUM LÍFI Í GAMLAR LAGNIR!

### VANDAMÁLID

Stíflur, leki og hrun eldri lagna geta valdið losun mengandi efna sem eru skaðleg fyrir bæði menn og náttúru.

ÁRALÖNG REYNSLA VÖNDUÐ ÞJÓNUSTA GOTT VERD

### LAUSNIN

Lögnin er endurnýjuð án þess að þurfi að grafa:

- endingargóð lausn
- minni fyrirhöfn
- lægri kostnaður!

### Viðgerðir

Viðhald  
Nýlagningar  
Breytingar  
Sniðbræðslukerfi  
Ofnkranskípti  
Heilfóðrun  
Partfóðrun  
Greinafóðrun  
Lagnaskípti  
Drenlagningar  
... og öll almenn pípulagningaþjónusta

### Þjargaðu verðmætum!

Komdu í veg fyrir eyðileggingu af völdum skemmdra lagna með miklum tilheyrandi endurbótum og viðgerðarkostnaði.

### Metum ástand lagna

Við endurnýjum lagnirnar innanfrá með háþróaðri tækni sem tryggir endingu og lágmarks rask. Fáðu okkur til þess að mynda lagnirnar og við metum kostnaðinn ef viðgerða er þörf.

### Einstaklingar og sveitarfélög

Þjóðum heildarlausnir fyrir einstaklinga jafnt sem sveitarfélög. Þú færð tilboð og við fóðrum og skiptum um lagnir eftir því sem hagkvæmast þykir hverju sinni.

Ástandsskoðun og viðhald sem margborgar sig!

**GG LAGNIR**  
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA  
[www.gglagnir.is](http://www.gglagnir.is)

GG lagnir ehf. • Dugguvogi 1b • 104 Reykjavík • Sími 517 8870 • Gsm 660 8870 • [gglagnir@gglagnir.is](mailto:gglagnir@gglagnir.is)



# Kostnaður vegna vatnstjóna var á þriðja milljarð króna árið 2014

Í lok ársins 2013 var settur á laggirnar samstarfshópur um sérstakt átak í vörnum gegn vatnstjónum. Að samstarfshópnum standa eftirtaldir aðilar: Félag dúklagna- og veggfóðrarmeistara, Félag pípulagningameistara, IÐAN fræðslusetur, Mannvirkjastofnun, Múrarmeistarafélag Reykjavíkur, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtök um loftgæði, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., TM hf., VÍS hf. og Vörður tryggingar hf.

## Gríðarlegur kostnaður af vatnstjónum

Kostnaður vegna vatnstjóna á heimilum og í fyrirtækjum var vel á þriðja milljarð króna árið 2014 og varð langmestur hluti tjónsins á heimilum. Heildarföldi tjónatilvikatilvika er 7.387 eða að meðaltali 20 tjón daglega. Í 1.442 tilvikum reyndist tjónið ekki bótaskyldt. Algengast er að tjón sé innan við ein milljón króna í hverju tilviki. Í 418 tilvikum var tjónið ein milljón eða meira og í tugum tilvika var tjónið þrjár milljónir eða meira. Í mörgum tilvikum bera heimilin töluverðan hluta kostnaðarins.

## Sjálfsáhætta tryggingataka 320 milljónir

Þessar upplýsingar er að finna í tölum tryggingafélaganna sem teknar voru saman af óháðum aðila fyrir samstarfshóp um varnir gegn vatnstjóni. Vatnstjón nam alls um 2,4 milljörðum króna en þar af er eigin áhætta tryggingataka um 320 milljónir króna sem að langmestu leyti fellur á einstaklinga. Tryggingafélögin bættu einstaklingum tjón sem nemur um 1,7 milljörðum króna en fólk situr sjálf uppi með nær 300 milljónir í eigin áhættu.

## Bein útlát heimila 700 milljónir vegna vatnstjóna

Kostnaður við hvert bætt tjón nemur að meðaltali tæplega 300 þúsund

krónum. Sé meðaltalið það sama fyrir hvert tjón sem ekki var bótaskyldt má ætla að heimilin hafi tekið á sig um 430 milljónir króna í óbætt tjón. Að viðbætti eigin áhættu eru bein fjárútlát heimilanna vegna vatnsleka þá yfir 700 milljónir króna. Þá er ótalið rask, óþægindi og jafnvel heilsutjón sem getur hlotist af vatnsleka, raka og myglu. Dæmi eru um að fólk þurfi að yfirgefa heimili sín dögum og vikum saman vegna vatnstjóns. Langalgengast er að tjón í einstökum tilvikum sé innan við milljón króna.

## En dæmi eru um mjög kostnaðarsöm tilvik:

Tjón meira en 4 milljónir: 22 tilvik.

Tjón á bilinu 3-4 milljónir: 24 tilvik.

Tjón á bilinu 2-3 milljónir: 56 tilvik.

Tjón á bilinu 1-2 milljónir: 316 tilvik.

Tilvik þar sem tjón er milljón krónur eða meira voru því 418 talsins.

## Nokkur dæmi um vatnstjón og kostnað vegna þeirra:

Vatnstjón verður af ýmsum orsökum og kostnaður vegna þeirra er mjög mismunandi, eins og dæmin hér að neðan sýna. Unnt hefði verið að koma í veg fyrir þau öll með aðgæslu, viðhaldi og vandaðri frágangi:

Gleymdist að skrúfa fyrir baðið: Gleymdist að skrúfa fyrir þegar látið var renna í bað. Vatn flæddi yfir eikarparket á gangi og inn í stofu. Parketið reyndist ónýtt. Þurrkfyrirtæki kom á staðinn og stóð þurrkun yfir í fjóra daga. Fimm dögum eftir tjón var búið að leggja nýtt parket. Tjón: 700.000 kr.

Leki við amerískan kæliskáp: Vatnsleki varð þegar tenging við amerískan kæliskáp gaf sig í nýju húsi. Parket bólgaði upp. Iðnaðarmenn þurrkuðu og fjarlægðu parket og neðsta hluta gífsveggjar. Mygla var farin að myndast en var upprætt strax. Parket var endurnýjað að hluta og slípað og lakkað. Kostnaður: 1.358.166 kr.

Viðhaldi ekki sinnt: Vatn frá blöndunartæki lak inn í vegg. Merki um raka komu í ljós á vegg og á parketi á gangi. Tjónið fékkst ekki bætt því sýnt þótti að viðhaldi hefði ekki verið sinnt. Kostnaður húseiganda líklega á bilinu 160.000-200.000 kr.

## Samstarfshópur um varnir gegn vatnstjóni

Eins og fram kemur í upphafi greinarinnar er Samstarfshópurinn um varnir gegn vatnstjónum myndaður af ellefu fyrirtækjum, stofnunum og samtökum.

Samstarfshópurinn telur að mjög megi draga úr vatnstjóni með fræðslu til almennings og aukinni þekkingu og fagmennsku iðnaðarmanna. Hópurinn hefur gefið út leiðbeiningar um hvernig verjast megi vatnstjóni og er þar meðal annars að finna á vefsíðum tryggingafélaganna.

# Allir tapa á svartri atvinnustarfsemi!

Tapadír skattar, gjöld og réttindi vegna svartrar atvinnustarfsemi eru tæplega 14 milljarðar á ári, þar af eru glötuð réttindi launafólks tæplega átta milljarðar króna.

Þetta eru niðurstöður átakans Leggur þú þitt af mörkum sem ASÍ, SA og Ríkisskattstjóri.

Ákveðið var að fara í átakid í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 2015. Markmiðið var að leiðbeina um tekjuskráningu, sporna við svartri atvinnustarfsemi og upplýsa um skyldur smærri og meðalstórra fyrirtækja. Verkefnið var afmarkað við fyrirtæki með ársveltu undir 1 milljarði króna og fóru eftirlitsteymi átakans í rúmlega tvö þúsund fyrirtæki.

Í skýrslu með niðurstöðum átakans má sjá að 55% fyrirtækjanna hafi fengið athugasemdir og að áberandi sé hversu mikið þekkingarleysi sé víða á markmiðum og innihaldi laga og reglna um tekjuskráningu, staðgreiðslu og á kjarasamningum almennt.

Niðurstöðurnar benda til þess að svört vinna sé umfangsmikil og e.t.v. mun umfangsmeiri en margan grunar; 12%, af rúmlega sex þúsund starfsmönnum sem rætt var við, unnu svart.

Svört atvinnustarfsemi er langmest í fyrirtækjum með undir 150 milljónir í veltu.

NYTT HJÁ Vatnsvirkjanum!

DVGW CERT  
CEN EN ISO 15875-3  
CEN EN ISO 15875-5

Jentro®

Allur fittings úr kopar  
- Pex-A & Stabíl rör!

JENTRO  
pressfittings

VATNSVIRKINN  
FAGVERSLUN FYRIR FAGMENN  
Smiðjuvegi 11 - 200 Kópavogur  
Sími 510 1400 - Fax 510 1499 - www.vatnsvirkinn.is





# VIÐ ÞJÓNUM ÞÉR

## BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



### Ný kynslóð varmaskipta fyrir upphitun og kælingu frá Danfoss

Veldu hagkvæmstu lausnina, varmaskipta með nýju MICRO PLATE™ plötunum sem gefa 10% betri hitaleiðni en aðrar plötur. Við bjóðum upp á fjölda lausna, til upphitunar, fyrir heitt neysluvatn og til kælinga. Varmaskiptarnir eru fánlegir í tveimur grunngerðum. Soðnir og boltaðir og í mismunandi stærðum fyrir hagkvæmstu lausnina fyrir þínar þarfar.

Við erum eini framleiðandinn í heiminum sem framleiðir tengigrindur og varmaskipta ásamt sjálfvirkum stjórnbúnaði fyrir hitakerfi.

ENGINEERING  
TOMORROW



# Set

## Set ehf • Röraverksmiðja

Hitaveituefni • Vatnsveituefni • Fráveituefni  
Hlífðarrör • Snjóbræðslurör • Verkfæri

### Styrkjum íslenskan iðnað

Eyravegur 41 • 800 Selfoss • Sími: 480 2700 • Netfang: info@set.is

## Heimsþekkt vörumerki hjá HAGA

### Honeywell

Safety products  
Úrval af öryggisvörum: Öryggisskór – Eyrnatappar  
– Vinnuvettlingar – Öryggisgleraugu – Grímur



Vinnuföt fyrir alla fagmenn



Vinnuvettlingar  
í miklu úrvali fyrir  
allar faggreinar



by Honeywell  
Fallvarnarbúnaður – Öryggisbúnaður



Heyrnarhlífar  
með og án  
útvarps



Vinnuföt og öryggisskór



HAGI ehf – HILTI á Íslandi  
Stórhöfði 37 - 110 Reykjavík - Sími 414 3700  
Fax 414 3720 - Póstfang: customerservice@hilti.is



## RADSON

áreiðanlegur hitagjafi

°CLEVER LÁGHITA  
MIDSTÖÐVAROFNAR



10 ára ábyrgð

## Mest seldu ofnar á Norðurlöndum

### ÍSLEIFUR JÓNSSON

Gæði fara aldrei úr tisku

Dragháls 14 - 16 Sími 4 12 12 00  
110 Reykjavík Fax 4 12 12 01 www.isleifur.is